

REGLUGERÐ
um (1.) breytingu á reglugerð nr. 266/2024,
um veiðar íslenskra skipa á makríl.

1. gr.

Við reglugerðina bætist bráðabirgðaákvæði, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. um aflamark er heimilt að flytja allt að 25% aflamarks fiskiskips í makríl frá árinu 2024 til ársins 2025.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 21. nóvember 2024.

Bjarni Benediktsson.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 27. nóvember 2024